



FRÉTTATILKYNNING  
FRÁ  
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

## **SAMRÁÐSPING Í NEW YORK UM LOFTSLAGSBREYTINGAR FJÁRFESTINGAR Í SPROTAFYRIRTÆKJUM**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sat mánudaginn 14. og þriðjudaginn 15. nóvember Samráðsþing um loftslagsbreytingar (Global Roundtable on Climate Change) í Columbia háskólanum í New York. Þá flutti forseti ávarp á morgunverðarfundi Seed Forum International í Norræna húsinu (Scandinavia House) í New York þriðjudaginn 15. nóvember og svaraði spurningum blaðamanna. Seed Forum beinir kröftum sínum að því að greiða götu sprotafyrirtækja og hvetja til samvinnu við unga athafnamenn, og var fundur þess í New York í framhaldi af ráðstefnu sem nýlega var haldin á Íslandi.

Þátttakendur í samráðsþinginu um loftslagsbreytingar eru vísindamenn, forystumenn í alþjóðamálum og stjórnendur um 70 stórfyrirtækja, einkum í Evrópu og Bandaríkjunum. Fyrsti fundur samráðsþingsins var haldinn í New York í maí mánuði fyrr á þessu ári en hinn næsti verður á Íslandi í júní 2006. Jeffrey Sachs, sérstakur fulltrúi Kofi Annan framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og forstöðumaður Earth Institute við Columbia háskólann, stýrir samráðsþinginu sem starfar næstu tvö árin.

Á fundum samráðsþingsins og með starfi þátttakenda milli funda er leitað leiða til að efla skilning og ná samstöðu meðal forystumanna í viðskiptalífi, vísindum og á alþjóðavettvangi um mat á yfirvofandi hættu vegna loftslagsbreytinga. Á þessum fundi voru ræddar fjölmargar leiðir sem skilað geta raunhæfum árangri í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, einkum tæknilegar og viðskiptalegar lausnir. Á fundi samráðsþingsins á Íslandi um mitt næsta ár, verður leitast við að þróa ítarlegar tillögur sem byggðar eru á þeim hugmyndum sem kynntar voru í New York.

Stjórnendur fjölmargra stórfyrirtækja á heimsvísu taka þátt í þinginu, m.a. frá fjarskiptafyrirtækjum, tryggingafélögum, fjárfestingabönkum, olú- og orkufyrirtækjum, og með því vinna ýmsir hópar sérfræðinga og ráðgjafa frá rannsóknarstofnunum og háskólum þau þrjú ár sem þingið starfar.

16. nóvember 2005